

Mál nr. 143/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins R.

Kona flæktist í rafmagnssnúru og datt og fótbrotnaði þ. 30.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 22.5.2014

Málsatvik.

M var að standa upp frá skrifborði sínu á vinnustað og datt um fótaskemil og rafmagnssnúru sem voru flækt saman en fótaskemillinn lá yfir rafmagnssnúruna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R vinnuveitanda hins hjá V og telur að ekki hafi verið gengið frá rafmagnssnúru á fullnægjandi hátt og beri R ábyrgð á því. M vísar m.a. til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í því sambandi og rgl. nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. M telur að R hafi vanrækt að uppfylla lögbundnar kröfur og athafnaskyldur og byggir á almennu sakarreglunni og meginreglum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum sem starfsmenn valda öðrum við starfa sinn. Vinnueftirlitið segir í skýrslu um atvikið að orsök slyssins sé, að ekki hafi verið gengið frá rafmagnssnúru á öruggan hátt. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé hægt að sjá alla atburði fyrir og í vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins fyrir skrifstofur sé ekki vikið að frágangi á rafmagnssnúrum eða staðsetningu fótaskemils. V telur að slys M hafi verið ófyrirséð og R hafi hvorki verið kunnugt um að rafmagnssnúrur væru lausar við skrifborð M né að þær væru flæktar í fótaskemilinn við skrifborðið. Þá vísar V til þess að M hafi ekki tilkynnt vinnuveitanda sínum um lausar rafmagnssnúrur og ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli óhappsins og þess að ekki var gert áhættumat fyrir umræddan þátt. V segir að ekki hafi sbr. framangreint verið sýnt fram á saknæma háttsemi R.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður á vinnustað M hafi varið óforsvaranlegar eða hættulegar þannig að leiði til bótaskyldu R í máli þessu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á sök R eða aðila sem R ber ábyrgð á. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 19.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.